



## Minnisblöð frá nóvember 1948

---

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360

*Utanríkismál. Minnisblöð og minnispunktar Bjarna Benediktssonar 1947-1960:  
Bréfa- og málasafn 1948  
Askja 2-10, Örk 4*

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mánuðaginn 1. nóvember 1948 kom sendiherra Bandaríkjanna, Mr. Butrick, á skrifstofu mína samkv. beiðni sinni. Erindi hans var að tilkynna mér, að hann hefði fengið skeyti frá Washington um að yfirvöld þar óskuðu að byrja á stækkun rennibrautarinnar mið al fyrsta og ekki síðar en um áramót. Var sendiherranum falið að fá til þess nauðsynleg leyfi. Einnig spurði hann, hvort látt væri við aðeins eina rennibraut eða fleiri.

Ég svaraði sendiherranum, að ég gæti ekki gefið hið áskilda leyfi fyrr en gengið væri frá vafastríðunum varðandi Keflavíkurflugvallarsamninginn, eins og ég hefði tekið fram um daginn. Hinsvegar værum við nú að vinna að því máli af fullum krafti og athuga tillogur þær, er hann hefði á dögunum afhent okkur og vonaðist ég til þess, að hægt væri að ljúka því máli á stuttum tíma. A.m.k. heðum við fullan huga á því. Nokkrar breytingar þyrfti að gera frá tillögum hans.

Varðandi hvort leyfi mundi ná til einnar eða fleiri flugbrauta, hefði ég tekið fram, að það væri einu gis ein flugbraut og þar sem fram kom hjá sendiherranum, að þeir væru í vafa hverja þeir ættu að velja, sagði ég að þeir skýldu gera upp huga sinn um það og senda síðan beiðni um þá, er þeir óskuðu eftir, því að það væri flugmálaráðherrann íslenzki, sem formlega atti að veita leyfið.

Mánuðaginn 8. nóvember 1948 kom sendiherra  
Bandaríkjanna, Mr. Butrick, á skrifstofu mína eftir  
beiðni sinni.

Er hann hafði hreyft ýmsum málum sem fyrir  
hann hafði verið lagt að taka upp við mig, vék hann  
að því, meira í óformlegum tón, að sendiræð sitt  
hefði nú nýlega orðið bess vart, að mjög færi vaxandi  
þrói ýmissa Íslendinga yfir öryggismálum Íslands.  
Hann sagði, að fjöldi Íslendinga viðsvegar að hefði  
snúið ~~KKK~~ sér til starfsmanna sendiræðsins og látið uppi  
óttu sinn í bessu efní. Nefndi hann bæði alþingis-  
menn og ýmsa flæiri og varð petta til bess að við  
ræddum málið nokkuð.

Eg sagði að erfitt væri að segja, hvort bessi  
tilfinning væri útbreidd eða ekki. Þeir menn sem ég  
hefði umgengist hefðu haft smilning á bessu all lengi  
og væri mér því erfitt að átta mig hvort mikil breyt-  
ing væri á bessu orðin frá því sem aður hefði verið,  
og væri mér þó nær að halda að svo væri, ~~áð meyri væri~~  
~~áð vakna til skilnings á þeim vanda, sem ókkun, en~~  
Mr. Butrick kvað engan vafa á því eins og sakir ~~a hán~~  
stæðu væri auðvelt fyrir Rússu, ef þeir vildu, að taka  
Ísland. Það væri með flugvélum og hersveitum fluttum  
þannig og eins úr kafbátum. Eg kvað ~~nn~~ <sup>eg</sup> petta rétt vera  
en sagði þá vakna upp spurninguna hvort ~~KK~~ Rússar teldu  
petta borga sig vegna bess, hversu erfitt væri fyrir  
þá að halda landinu. Mr. Butrick fór ekki mikið át í  
þá sálma, en sagði að ~~sá~~ sem hingað væri kominn á  
undan hefði auðvitað miklu hægari aðstöðu en ~~sá~~ sem  
ætti að sækja landið eftir að hér væru varnir komnir  
á. Við yrðum að átta okkur á, að eins og nú stæðu  
sakir væri landið varnalaust þó að eitthvað af her-  
mönnum kynni að tilviljun að vera statt út á Kefla-  
víkurflugvelli á leið til Þýzkalands, þegar í odda

skærist, ef svo illa færi. Væru bað þá menn sem ekki hefðu útbúnað eða æfingu til nauðsynlegra varna. En auk þess yrði að reikna með að ef að styrjöld kæmi, þá brytist hún út skyndilega og fyriðvaralaust, og þá væri ekkert öruggt til varnar nema bað sem áður hefði verið undirbúið beinlínis í því skyni.

Eg spurði hann beinlínis, hvort ~~þó~~ hann hefði frá stjórn sinni heyrt ~~MM~~ nokkuð um ráðagerðirnar varðandi Norður-Atlantshaf-varnarbandalaginu, en ég hefði nýlega séð, bæði í London Times og Daily Express, að þar hefði verið ráðgert að stjórnir Bandarríkjanna, Bretta og Kanada og e.t.v. fleiri mundu snúa sér til íslenzku stjórnarinnar m.a. um bátttöku í slíku varnarbandalagi.

Mr. Butrick sagðist ekkert um betta hafa heyrt annað en bað sem hann hefði lesið í blöðunum, en sér sýndist mjög eðlilegt að Íslendingar tækju þátt í slíku varnarbandalagi, enda vorum við sammála um að erfitt væri, ef ekki ómögulegt, að verja Norður-Atlants-hafið nema ~~bleðbun~~ ~~veggur~~ Island væri ~~veggur~~ í beim vörnum.

Mr. Butrick samsinnti því, að meiri trygging væri nú en áður fyrir fullu samhengi utanríkisstefnu Bandarríkjanna. Hann vonaðist eftir að Marshall yrði áfram utanríkisráðherra, en þó svo væri ekki, þá væri vafalaust að sömu stefnu yrði fylgt. Verið gæti að tilraunir yrðu gerðar til að nálgast Rússa og ~~XXK~~ skyldi sér ekki undra þó að það kæmi upp að nýju, að senda sérstakan sáttærindreka til Moskva, en hvað sem því liði þá mundi grundvallarstefnan haldast, enda hefði Mr. Truman lýst henni skýrt og skorinort í kosningabaráttu sinni. Sá mikli munur væri við að Truman hefði náð kosningu en ekki Mr. Dewey, að Dewey hefði ekki fengist til að binda sig við neitt ákveðið f kosningabaráttu sinni, en Mr. Truman lýst stefnu sinni skýrt og skorinort.